

Frá fjölmiðlanefnd.

28.11.2013

Alþingi
Erindi nr. P 143/444
komudagur 28.11.2013

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 getur fjölmiðlanefnd veitt fjölmiðlaveitu skammtímaleyfi að hámarki til þriggja mánaða. Leyfi taka ýmist til landsins alls eða eru staðbundin og afmörkuð við einstaka landshluta. Þá getur bæði verið um að ræða leyfi til hljóðmiðlunar eða myndmiðlunar.

Fjölmiðlanefnd úthlutar á ári hverju nokkrum tugum skammtímaleyfi og nær eingöngu til hljóðmiðlunar. Langstærsti hluti leyfanna er vegna starfrækslu hljóðmiðla af hálfu nemendafélaga framhaldsskóla, félagsmiðstöðva unglinga og bæjarhátíða á sumrin. Þessi leyfi eru yfirleitt gefin út til 3-7 daga og nær undantekningalaust staðbundin. Þess eru allnokkur dæmi að nemendafélög framhaldsskóla fái tvö leyfi á vetri, á haustmísseri og vormísseri.

Í miklum minnihluta skammtímaleyfa eru leyfi sem veitt eru vegna "tilraunaútsendinga", þ.e. þegar verið er að kanna hvort grundvöllur sé fyrir starfrækslu hljóðmiðils og þá hafa verið gefin út skammtímaleyfi til 2-3 mánaða vegna árstíðabundinna útvarpsstöðva, t.d. jólastöðva.

Ef frekari upplýsingar óskast er sjálfsagt að veita þær.

Með kveðju,

Dalla Ólafsdóttir

Aðstoðarframkvæmdastjóri/Lögfræðingur/Assistant Director/Head of Legal Affairs
Fjölmiðlanefnd / Media Commission
Borgartúni 21
IS-105 Reykjavík